

Saga Hrútey

Hrútey var nytjuð um aldir til beitar. Til forna tilheyrði hún jörðinni Klifum eða Kleifum sem m.a. er getið um í Heiðarvígasögu. Bærinn stóð á syðri bakka Blöndu á mótum Hrútey. Árið 1318 á Hjaltabakkakirkja heimaland allt að



Klifum og alla Hrútey. Síðan er hún talin með eyðijörðum. Á 18. öld kemst jörðin aftur í ábúð og fær þá heitið Klifakot. Blönduóshreppur keypti Hrútey árið 1923 af Hjaltabakka.

Snemma var farið að ræða um að gera Hrútey að útivistarsvæði. Hún var friðuð fyrir búfé árið 1933. Vorið 1942 hófst skógrækt í eyinni og voru fyrstu trén gróðursett af skátafélaginu á Blönduósi undir handleiðslu Jóns Ísbergs, fyrverandi sýslumanns. Síðan hafa ýmsir einstaklingar og félagasamtök, ásamt sveitafélaginu, komið að gróðursetningu og umhirðu í eyinni. Blanda er ekki alltaf árennileg og betra að fara með gát. Oft var farið út í Hrútey í berjatínslu og þá vaðið yfir ána.

Haustið 1957 var hafin bygging göngubrúar út í Hrútey en Blanda eyðilagði undirstöður hennar. Næstu tvo áratugi var notuð bráðabirgðabrá sem sett var upp meðan á gróðursetningu stóð. Tveir rafmagnsstaurar voru þá lagðir yfir ána þar sem farvegurinn er þrengstur. Núverandi brú var vígð 1988.



Athugið:

Farið með gát um eyjuna.

Hafið auga með börnum.

Skógræktarfélag Austur - Húnavetninga



Skógræktarfélag Austur-Húnavetninga er hópur áhugamanna um skógrækt og gróðurvernd. Félagið var stofnað á Blönduósi 14. maí 1944. Í fyrstunni fólst starfið í því að styðja félög og einstaklinga í skógrækt. Árið 1961 eignaðist félagið jörðina Gunnfríðarstaði á Bakásum. Bætt aðgengi almennings að skógum félagsins er eitt af aðalmarkmiðum þess.

Opinn skógur

Opinn skógur er samstarfsverkefni skógræktarféлага og fyrirtækjanna Olis og Alcan á Íslandi. Markmiðið er að opna fjölmörg skógræktarsvæði þar sem aðstaða og aðgengi verður til fyrirmyndar. Einnig verður lögð áhersla á upplýsingar þannig að gestir geti fræðst um lífríki, náttúru og sögu viðkomandi svæðis. Með öflugum stuðningi þessara fyrirtækja skapast sóknarfæri fyrir skógræktarfélög og um leið opnast spennandi áningarsvæði fyrir almenning.

Brautryðjendur Opinna skóga:



OPINN SKÓGUR



Velkomin í skóginn



Göngustígar

- ca 350 m
- ca 420 m
- - - ca 1050 m
- ca 220 m
- - - ca 280 m

-  Borð og bekkur 
-  Bílastæði
-  Trjásafn 
-  Upplýsingar
-  Útsýni
-  Tjaldstæði 

Hrútey

Hrútey er sannkölluð skrautfjöður í hatti Blönduóbæjar. Hrútey er 11 ha umlukin jökulánni Blöndu. Eyjan skartar fjölbreyttum gróðri. Mest ber á trjágróðri og lyngmóm.



Birki og stafafura er áberandi en ýmsar aðrar trjategundir þrífast ágætlega. Fjöldamargar tegundir plantna eru í eyjunni.

Fuglalíf er auðugt og gæsin á gríðland þar ásamt öðrum fuglum. Örstutt er að Hrútey frá Þjóðvegi nr. 1 og tilvalið fyrir ferðalanga að staðnæmast og fara í gönguferð um eyjuna. Þar eru góðir stígar, og rjóður með bekkjum og borðum. Þá er stutt til sjávar frá Hrútey eftir göngustíg meðfram ánni. Tjaldstæði



eru skammt undan og stutt í fjölbreytta þjónustu sem Blönduósingar bjóða. Hrútey var friðuð sem fólkvangur árið 1975. Svæðið er opið almenningi en fylgja ber reglum um umferð og afnot. Eyjan er friðuð fyrir allri umferð frá 20. apríl til 20. júní vegna varps fugla, einkum gæsa.

